

Nd.

839. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um lýsismat (þingskj. 776).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta hefir orðið fyrir allmiklum breytingum í háttv. efri deild, og einni að minsta kosti, sem ekki verður talin til bóta.

Eftir frumvarpinu, eins og það fór frá neðri deild, var gert ráð fyrir því, að lýsismat yrði falið yfirfiskimatsmönnum og fiskimatsmönnum á hverjum stað, og gat þá ekki komið til mála að stofna sjerstaka, landslaunaða starfa vegna þess. En þessu hefir háttv. efri deild breytt svo, að lögreglustjórar geti skipað hvern sem verkast vill til starfans, og er með því stýrt inn á þá leið,

sem háttv. neðri deild vildi forðast, að fjölga landslaunuðum starfsmönnum að óþörfu, því að þótt lýsismatsmönnum sje ekkert kaup ætlað í þessu frumvarpi af opinberu fje, þá eru dæmin þess næg, að opinberir starfsmenn leita kaupbóta hvaðanæva.

Lýsismat er mjög auðunnið verk og engum fiskimatsmanni ofætlun að hafa það á hendi, enda skylt þeirra aðalstarfi.

Nú er nefndinni það ljóst, að breytingar á frumvarpinu og hrakningur þess milli deilda nú í þinglokin getur orðið því að falli og með því týnst ávinningur sá af lýsismatinu, sem framleiðendum mætti að því verða. Þess vegna kys hún að láta það óbreytt, og í því trausti, að lögreglustjórar skipi eigi að óþörfu aðra en fiskimatsmenn til starfans, ræður hún háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi, 5. sept. 1917.

Sv. Ólafsson,
form. og framsm.

B. R. Stefánsson.

Pjetur Ottesen,
skrifari.

Jörundur Brynjólfsson.

Matth. Ólafsson.